

Fold sálfræðipjónusta og Vinnuvís
Bíldshöfða 9, 110 Reykjavík
bryndise@klasinn.is –
olafur.kari@klasinn.is

Úttekt á skýrslu embættis Samskiptaráðgjafa

Yfirferð, samantekt og mat fyrir Apenu
ípróttafélag

Frá: Fold sálfræðipjónusta og Vinnuvís sálfræðipjónustu
hjá Heilsuklasanum
Til: Jóhanna Jakobsdóttir, formaður Apenu
Efni: Úttekt á skýrslu embættis Samskiptaráðgjafa
Dags: 23.júní 2025

Efnisyfirlit

Formáli og tilgangur úttektar	3
Umfang úttektar	3
Hvaða gögn var farið yfir	4
Aðferðafræði.....	8
Matsforsendur	8
Niðurstöður	9
Skýrsludrög og lokaskýrsla	9
Hlutverk Samskiptaráðgjafa	10
Val á þátttakendum.....	10
Túlkun gagna	11
Tímalína og andmæli	11
Sannreying á gögnum	11
Tilgangur úttektar	11
Nafnlausar kvartanir og óljósar ásakanir.....	12
Sögusagnir og bjöguð gögn	12
Fyrirsagnir úr blöðum og Facebookfærslum	12
Gagnsætt matsferli	12
Gildishlaðið orðalag.....	12
Meint hegningarlagabrot og leki á skýrslu	13
Styrkleikar rannsóknar Samskiptaráðgjafa	14
Hlutverk útskýrt vel	14
Formlegt ferli.....	14
Trúnaðarmál.....	14
Teikna upp breiða mynd	14
Tilvísanir	14
Mat	15
Samantekt.....	16

Formáli og tilgangur úttektar

Miðvikudaginn 14.maí höfðu Brynjar Karl Sigurðsson þjálfari hjá Aþenu og Jóhanna Jakobsdóttir, formaður Aþenu, samband við undirrituð og óskuðu eftir fundi til að ræða úttekt sem hafði farið fram á vegum Samskiptaráðgjafa íþrótta- og æskulýðsstarfs.

Miðvikudaginn 28.maí hittu undirrituð Brynjar og Jóhönnu þar sem farið var yfir mál þeirra. Þau óskuðu eftir því að gerð yrði úttekt á þeim aðferðum sem beitt var við úttekt á þjálfunaraðferðum Aþenu og gæðum skýrslunnar sem Samskiptaráðgjafi gaf út í framhaldinu.

Miðvikudaginn 4.júní fengu undirrituð upplýsingar um þau gögn sem eru til staðar og í framhaldi var óskað eftir tilboði í verkefnið. Tilboðið var samþykkt laugardaginn 7.júní.

Tilgangur úttektarinnar, að ósk Brynjars og Jóhönnu, er að yfirfara þau gögn sem eru til staðar og meta hvort vinnulag við gerð skýrslu Samskiptaráðgjafa standist faglegar kröfur úttekta.

Forsvarsmenn Aþenu, Brynjar og Jóhanna, telja mikilvægt að yfirferð þessi sé gerð í ljósi þess að miklir hagsmunir eru í húfi. Niðurstaða Samskiptaráðgjafa getur haft skaðleg og afgerandi áhrif á áframhaldandi starfsemi Aþenu, aðgengi barna að íþróttum og traust almennings til félagsins (ekki bara til Brynjars sem þjálfara).

Umfang úttektar

Í þessari úttekt munum við leitast við að svara þeirri spurningu hvort að aðferðir og vinnulag við úttekt samskiptaráðgjafa hafi verið fullnægjandi m.a. með tilliti til söfnunar gagna, greiningar, framsetningar, tilkynninga um meðferð máls, jafnræðis og sanngirni.

Þessi úttekt leggur ekki mat á gæði þjálfunaraðferða Brynjars Karls né á sálfræðileg og líkamleg áhrif þeirra þjálfunaraðferða á börn. Slík greining fellur utan sérfræðipækkingar úttektaraðila og ætti einvörðungu, ef þörf krefur, að vera framkvæmd af óháðum sérfræðingum íþróttafræði, barnasálfræði og barnavernd. Umboð okkar takmarkast alfarið við könnun á málsmeðferð, áreiðanleika og réttmæti rannsóknar samskiptaráðgjafa.

Hvaða gögn var farið yfir

Skjal	Lýsing
DRÖG 1_Sent til Brynjar 10.mars 2025	Fyrstu drög að umsögn samskiptaráðgjaf a, einvörðungu umsagnir málsaðila, hvort sem þeir tengjast málinu beint eða óbeint. Engar samantektir á kvörtunum meintra þolenda eða ábendingar um misferli.
DRÖG 2_Sent til Brynjars 25.mars 2025	Önnur drög að umsögn samskiptaráðgjaf a. Formlegri, með vísan í lög og vísan í viðtöl og/eða samantektir við aðra aðila.
UmsögnBrynjarsKarls14apríl2025undirritað	Lokaútgáfa umsagnar samskiptaráðgjaf a.
Fylgiskjal 1 BK 14 apríl	Skjáskot af færslu Brynjars Karls frá 17.apríl 2017. Ekki vitað í hvaða “grúppu” þessu var póstað, né viðbrögð við færslunni eða athugasemdir.
Fylgiskjal 2 BK 14 apríl	Alveg eins skjal og hér að ofan.
Fylgiskjal 3	Skjáskot af fyrirsögnum úr ótilgreindum fjölmiðlum, en einnig Facebook færslu frá

	Karfan.is með einni athugasemd.
Fylgiskjal 4	Samanteknar umsagnir frá nafngreindum aðilum um störf Brynjars Karls.
Heimildir Brynjar Karl	Heimildaskrá frá Samskipta-ráðgjafa. Ekki er vísað til heimildanna í skýrslunni.
Andsvar við umsagnardrög Aþena (Jóhanna til SR)	Samskipti Jóhönnu Jakobsdóttur og þóru Sigfríðar vegna umsagnardraga.
Email (long) keðja Aþena og SR	Samskipti SR, Aþenu og [REDACTED] [REDACTED] lögmanns varðandi drög og tímafresti til umsagnar.
Gmail – Beiðni um aðkomu að máli [REDACTED]	Beiðni frá [REDACTED] [REDACTED] um að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.
Gmail – Fwd_ [REDACTED]	Tölvupóstur frá [REDACTED] þar sem hún lýsir upplifun sinni af Aþenu og mati Samskiptaráðgjafa og óskar eftir nánari skoðun.
Gmail – Vegna Aþenu (SR til Jóhönnu)	Tölvupóstur þar sem Samskiptaráðgjafi gefur Jóhönnu kost á að

	staðreyna það sem eftir henni er haft. Jóhanna mótmælir.
Lögmaður til SR vegna tímamarka	Tölvupóstsamskipti [REDACTED] lögmanns vegna tímamarka á umsögnum.
Gmail – Drög frá [REDACTED]	Almennur tölvupóstur, [REDACTED] skilar inn drögum að kvörtun vegna Samskiptaráðgjafa.
Fylgiskjal 1 – Andmælaréttur Frumkvæðisathugun Tímapressa	Lýsing á samskiptum um andmælarétt og skýrslu Samskiptaráðgjafa. Tímalínu málsins list.
Fylgiskjal 2 – Andsvar Aþenu við seinni drög	Andsvar Aþenu við seinni drögum skýrslu Samskiptaráðgjafa.
Fylgiskjal 3 – Endanlega umsögn samskiptaráðgjafa	Endanleg umsögn samskiptaráðgjafa. Kemur fyrir í öðrum gögnum sem fylgdu með fyrir þetta verkefni.
Fylgiskjal 4 – Dæmi um ófagleg vinnubrögð	Samantekt frá Jóhönnu Jakobsdóttur þar sem tekin eru dæmi um vinnubrögð Samskiptaráðgjafa ásamt hlekk í grein í heildarlengd.
Fylgiskjal 5 – Tillaga á þingi ÍSI	Tillaga þar sem leitast er við að

	finna leiðir og bjargræði til að takast á við einstaklinga innan hreyfingarinnar sem brjóta af sér.
Kvörtun_Apenu_til_ráðuneytis_vegna_samskiptaráðgjafa	Kvörtun til Mennta- og barnamála-ráðuneytis þar sem Aþena tekur fram athugasemdir við starfshætti Samskipta-ráðgjafa.
2025-04-09_Samskiptaradgjafi_athugasemdir-Aþenu-við-umsagnardrög-v2	Athugasemdir í 87 liðum við umsagnardrög Samskipta-ráðgjafa.
Fylgiskjal1_samantekt_tulkun_samskiptaradgjafa_a_ummælum_BK_v2	Samantekt og gagnrýni á túlkun Samskipta-ráðgjafa á ummælum Brynjars Karls.
Fylgiskjal2_ummaeli_ v2	Samantekt á ummælum um Brynjar og tölvupóstar sem sendir út varðandi Brynjar.
Fylgiskjal3_talsmati_v2	Dæmi um talsmáta körfubolta-þjálfara.
Fylgiskjal4_jaekvaed_ummaeli_v2	Jákvæð ummæli sem fallið hafa í garð Brynjars á opinberum vettvangi.
Fylgiskjal5_yfirlýsingar_tengt_bjarneyju_isi_v2	Yfirlýsingar leikmanna Aþenu vegna

	myndbands- birtingar Bjarneyjar.
Fylgiskjal6_hladvorp	Hlekkir á hlaðvörp, þætti og myndbönd þar sem fjallað er um Brynjar og þjálfunaraðferðir.
Script frá upptöku af fundi Aþenu og Samskiptaráðgjafa 5.febrúar	Ritun af fundi fulltrúa Samskipta- ráðgjafa og fulltrúa Aþenu, 5.febrúar.

Aðferðafræði

Farið var yfir skýrslu Samskiptaráðgjafa, bæði drög og lokaútgáfu. Staðhæfingar, fullyrðingar, samantektir, túlkanir og niðurstöður voru skoðaðar m.t.t. þeirra gagna sem liggja fyrir í málinu skv. töflunni hér að ofan. Kannað var hvort hægt sé að draga þær ályktanir sem koma fram í niðurstöðum Samskiptaráðgjafa út frá þeim gögnum sem liggja fyrir. Þá var einnig kannað hvort að andmælaréttur hafi verið virtur, hvernig gögnum var aflað, hvaða gögn voru notuð og hvort leitast hafi verið við að sannreyna staðhæfingar/fullyrðingar sem fram komu í málinu.

Matsforsendur

Í úttekt sem þessum er iðulega margt sem þarf að hafa í huga. Það sem horft er til í þessari úttekt eru eftirfarandi atriði:

1. Öflun gagna og úrtak
2. Greining gagna
3. Vægi gagna
4. Meðalhóf, jafnræði og andmælaréttur
5. Hlutleysi og orðaval

Þessi atriði eru mikilvæg þar sem þau geta haft mikil áhrif á endanlega niðurstöðu í úttektum á viðkvæmum málum. Þessi fimm atriði eru höfð að leiðarljósi til að reyna, eftir bestu getu, að tryggja gæði og hlutleysi. Með þessu er átt við að mikilvægt er að:

1. Tryggja að gögn séu óvilholl og gefi sem réttasta mynd af raunveruleikanum. Mikilvægt er að byggja upplýsingaöflun á hlutlægum gögnum, með því er verið að lágmarka líkur á að huglægt mat úttektaraðila hafi áhrif á niðurstöður.
2. Að gögn séu túlkuð og breytt í upplýsingar sem eru réttmætar (gögnin sem notuð eru tengjast því sem rannsakað er) og áreiðanlegar (að meiri líkur en minni séu að gögnin séu túlkuð á sama máta).
3. Að upplýsingar sem fást með beinni athugun njóti meira vægis en upplýsingar sem fást frá 3.aðila. Hér er þá átt við mikilvægi þess að rannsaka staðhæfingar í stað þess að reiða sig á sögusagnir.
4. Andmælaréttur sé virtur og að málsaðilar fái tækifæri til að svara fyrir þau atriði sem eru lögð fram, óháð því hvort atriðin séu þeim í hag eða ekki. Gögn eiga aldrei að lúta einungis að túlkun úttektaraðila, því er mikilvægt að hægt sé að sýna fram á rétta úrvinnslu.
5. Tungumál og tónn ættu að vera hlutlaus og yfirveguð. Úttektum er ekki ætlað að skapa neinskonar hughrif sem gætu gert lesendur og aðra matsaðila vilholla vissum aðilum. Mikilvægt er að staðreyndir standi einar og sér án lýsinga sem geta bjagað túlkun.

Niðurstöður

Skýrsludrög og lokaskýrsla

Við yfirferð gagna má sjá að nokkur breyting á sér stað frá drögum 1 og fram að lokaútgáfu. Drög 1 virðast að mestu nokkuð hlutlaus, engar niðurstöður eru lagðar fram og drögin til þess fallin að veita Brynjari færi á að staðreyna eigin orð. Hvergi er vísað til meintra misgjörða né kvartana í garð hans eða Aþenu.

Tónninn í drögum tvö er orðinn formlegri, vísað er í lög um Samskiptaráðgjafa og gefinn er kostur á að koma með athugasemdir við drögin í heild sinni. Umfangið hefur breyst og forsvarsmönnum Aþenu er veittur umfangsmeiri andmælaréttur.

Lokaútgáfa er loks orðin mun formlegri, öll gögn saman tekin og skýrslan undirrituð.

Svo virðist sem umfang úttektarinnar breytist á leiðinni, frá því að vera athugun á þjálfunaraðferðum án tilgreindra upplýsinga til forsvarsvarsmanna Aþenu í upphafi könnunar um að kvartanir hafi átt sér stað yfir í athugun sem tekur fyrir meint ofbeldi á börnum auk frásagna frá sex nýjum nafnlausum aðilum. Í fyrstu drögum skýrslu frá Samskiptaráðgjafa kemur fram að verið sé að biðja Brynjar um útskýringar um þjálfunaraðferðir sínar en í loka niðurstöðu koma síðan fram alvarlegar ábendingar um meint misferli sem virðast vera grundvöllur úttektar. Forsvarsmenn Aþenu mæta því í fyrsta viðtal án þess að vita í raun hvað þeim er gefið að sök og ekki gefinn kostur á andmælum þar, heldur koma ásakanir eftir á. Loka niðurstöða staðhæfir að aðferðir

Brynjars séu “óásættanlegar og siðlausar”. Frá upphafi var óljóst hvert umboð samskiptaráðgjafa var til úttekta í þessu verkefni.

Tónninn virðist verða gildishlaðnari eftir því sem lengra líður á úttektina. Á milli útgáfna fer tónninn úr því að vera meira lýsandi og hlutlaus yfir í gildishlaðnar lýsingar þar sem orð eins og “niðrandi”, “ógnandi”, “óábyrgt”, og “siðlaust” eru notuð, svo dæmi séu tekin.

Ekki er að sjá að nein ný gögn líti dagsins ljós á meðan þróuninni stendur og m.a. skýrt tekið fram í loka útgáfu að ekki var leitast við að ræða við þjálfara Apenu, foreldra, leikmenn Apenu eða fylgjast með íþróttastarfi félagsins né afla frekari gagna um Apenu.

Hlutverk Samskiptaráðgjafa

Í lokaskýrslu er skýrt tekið fram hvert hlutverk samskiptaráðgjafa er og einnig tekið fram að hlutverk embættisins er ekki að leggja mat á aðferðir, heldur að veita ráðgefandi álit um hvort samskipti og starfsumhverfi samræmist lögum. Þetta er ítrekað tvisvar sinnum sem mótsvar við ábendingum Apenu við úrvinnslu málsins.

Í skýrslunni er engu að síður tekið fram að:

1. Um sé að ræða könnun á þjálfunaraðferðum Brynjars Karls og í framhaldi lagt mat á meinta hegðun og aðferðir Brynjars.
 - a. Tilraunir á börnum séu óábyrgar og siðlausar
 - b. Að öskra á börn “er ekki árangursrík leið...heldur geti það stuðlað að kvíða, óöryggi og brottfalli”
 - c. Að nálgun hans um að “mistök leyfist ekki” geti “skapað óheilbrigt umhverfi”
 - d. Órannsakaðar aðferðir, byggðar á innsæi “geta verið skaðlegar og eru óábyrgar”

Val á þátttakendum

Úttekt Samskiptaráðgjafa byggir á upplýsingum frá einstaklingum sem ýmist leituðu til embættisins eða hafa opinberlega verið mótfallin þjálfunaraðferðum Brynjars. Þá var einnig ákveðið að ræða ekki við þjálfara Apenu né foreldra sem kynnu að vera ánægðir með aðferðir Brynjars. Þá var einnig ákveðið að afla ekki upplýsinga frá núverandi leikmönnum vegna meintra valdatengsla og mögulegrar áhættu sem það hefði í för með sér fyrir leikmennina.

Ljóst er að gögn sem unnið var með byggja nánast einvörðungu á skoðunum og upplifun aðila sem hafa bein eða óbein tengsl faglega við gagnrýnina. Ekki var aflað upplýsinga frá hlutlausum aðilum og/eða vitnum til að staðreyna kvartanir.

Túlkun gagna

Erfitt er að átta sig á nákvæmlega hvernig gögn eru túlkuð, vísað er að miklu leyti í eitt samtal sem átti sér stað 5.febrúar við Brynjar Karl og Jóhönnu formann Aþenu, samtal þar sem þeim var ekki ljóst hvað þeim var gefið að sök. Í skýrslunni er vísað stuttlega til þess sem þau segja og ályktanir dregnar án þess þó að vísað sé til nánara samhengis.

Sem dæmi má nefna að í viðtali notar Brynjar Karl orðfærið “að gera tilraunir” á börnum. Í framhaldi af því útskýrir hann hvað hann á við með því orðfæri og hvað það felur í sér í nokkuð ítarlegu máli. Þau orð, “að gera tilraunir á börnum” eru síðan notuð í lokaskýrslu en ekki vísað sérstaklega til þess samhengis sem hann notar þau orð, útskýringar sem fylgja eða annað sem gerir orðfærið minna gildishlaðið. Í framhaldi er því líst sem “óábyrgt” og “siðlaust”.

Beinar tilvísanir í afmörkuð orðfæri án þess að gefa lesanda kost á að átta sig á samhenginu eða þeirri merkingu sem verið er að gefa orðfærinu geta snúið við merkingu eða skapað aðra túlkun en ætlað var og jafnvel gefið ranga merkingu en upphaflega var.

Tímalína og andmæli

Í tölvupóstsamskiptum má sjá fulltrúa Aþenu kalla eftir auknu svigrúmi til andmæla. Í viðtali Samskiptaráðgjafa við Brynjar og Jóhönnu kemur fram að til standi að hittast aftur í samtali til að ræða málin betur og afla meiri gagna en ekki varð af þeim fundi. Í tölvupóstsamskiptunum kemur einnig fram þrýstingur á að skila inn andmælum snemma og takmarkaður tími gefinn til að svara.

Samskiptaráðgjafi tekur síðan ábendingar Aþenu um tímaþröng til greina og veitir þeim aukið svigrúm. 9.apríl skilar Aþena svo inn andmælum í 87 liðum. 3 dögum síðar er lokaútgáfa undirrituð.

Þrátt fyrir ítrekuð og ítarleg andmæli virðist vera sem að ekki sé tekið beint tillit til þeirra nema að litlu leyti.

Sannreying á gögnum

Ekki er vitað til þess að úttektaraðilar frá Samskiptaráðgjafa hafi sótt æfingar hjá Aþenu þrátt fyrir boð um að gera slíkt. Lítið er um upplýsingar og gögn frá fyrstu hendi. Aþena veitir upplýsingar og tilsvör um þær kvartanir sem liggja uppi á borðum en ekki er tekið tillit til þeirra gagna í lokamatinu.

Tilgangur úttektar

Þegar farið er yfir drög að lokaskýrslunni og svo lokaskýrsluna sjálfa er ekki ljóst hvert markmið úttektarinnar var í upphafi. Handrit að viðtalinu við Brynjar og Jóhönnu með Samskiptaráðgjafa sýnir að Brynjar hafi spurt hvert markmiðið væri með úttektinni, en

svörin við því eru óljós í viðtalinu. Afleiðingin af því virðist vera sú að Aþena gat ekki haldið uppi andmælum eða vörnum frá upphafi.

Nafnlausar kvartanir og óljósar ásakanir

Hvergi kemur fram um hvaða aðila ræðir, stök atvik eða dagsetningar. Erfitt er fyrir málsaðila að svara fyrir sig í þessum kringumstæðum.

Vissulega er hægt að færa rök fyrir því að nota upplýsingar eða ásakanir frá nafnlausum aðilum en þá er einnig mikilvægt að staðreyna slíkar upplýsingar og setja fram á skýran og vel uppbyggðan máta til að tryggja að hægt sé að andmæla.

Sögusagnir og bjöguð gögn

Í lokaskýrslunni er notast við það sem mætti kalla bjöguð gögn. Eitt af því sem notast er við til að lýsa aðferðum Brynjars og/eða skapgerð er stutt myndklippa sem birt er á samfélagsmiðlum þar sem hann virðist öskra á leikmann Aþenu og slá. Myndskeiðið er birt á persónulegum reikningi einstaklings, Bjarneyjar Láru, á Facebook og notað sem gagn til að staðfesta meintar þjálfunaraðferðir Brynjars. Skömmu síðar lítur dagsins ljós myndband sem sýnir aðdraganda og lengri hluta af samskiptunum. Því myndbandi var skilað inn til Samskiptaráðgjafa en ekki notast við það, þótt svo að allt aðra mynd mætti draga af þeim samskiptum sem áttu sér stað í myndbandinu. Upphaflega myndbandið virðist hafa fengið meiri vikt í ljósi menntunar persónunnar sem birti myndbandið.

Fyrirsagnir úr blöðum og Facebook færslum

Eitt af því sem notast er við til að sýna fram á “umfang málsins” eru fyrirsagnir úr fréttamiðlum og Facebook síðu. Ætla má að þessar fyrirsagnir séu fengnar af Vísi, RÚV og MBL. Ljóst er að fyrirsagnirnar bera með sér keim af “Smellu-brellum” (Click-bait) sem eru til þess fallnar að kalla fram hughrif. Sannarlega mætti þó nýta fyrirsagnirnar til að sýna “umfang málsins” að því gefnu að fyrirsagnirnar og innihaldið séu óvæfengjanlegar.

Gagnsætt matsferli

Við lestur skýrslunnar er erfitt að sjá hvernig komist er að niðurstöðum hennar, þ.e.a.s. hálfgerð rökstökk virðast eiga sér stað. Mat Samskiptaráðgjafa fer frá því að ræða almennt að ábendingar og kvartanir séu til staðar yfir í að þjálfunin sé siðlaus.

Gildishlaðið orðalag

Í skýrslunni er vísað til orðalags í niðurstöðum þar sem vísað er til eða fullyrt um skaðlegar aðferðir, tilraunir á börnum, siðleysi, geðræns skaða, og ofbeldis. Þarna er mjög sterkt tekið til orða og má velta því upp hvort slíkt orðaval samræmist hlutverki Samskiptaráðgjafa. Hlutleysi er mikilvægt í úttektum sem þessum enda mikilvægt að ekki sé hægt að varpa skugga á úttekt á máli sem þessu þar sem miklir hagsmunur liggja undir.

Meint hegningarlagabrot og leki á skýrslu

Af niðurstöðum skýrslu Samskiptaráðgjafa má ráða að úttektaraðilar hafi orðið vís um kerfisbundið ofbeldi af hendi þjálfara Apenu gagnvart iðkendum í félaginu. Siðlaus þjálfun þar sem ofbeldi er beitt, iðkendur verða fyrir geðrænum skaða, búa við valdamisvægi í skaðlegu umhverfi þar sem tilraunir á börnum eiga sér kerfisbundið stað. Meintum þolendum er þó ekki gefinn kostur á að tjá sig í úttektinni þar sem þeim er ætlað að vera í ofbeldissambandi og því ekki fær um að veita hlutlausar upplýsingar.

Þessu til viðbótar virðist vera sem svo að lokaútgáfu skýrslunnar hafi verið lekið, en grein birtist um skýrslu Samskiptaráðgjafa þann 28.4.2025 á heimasíðu RÚV.

Að þessu sögðu verður að draga þá ályktun að líklega sé búið að tilkynna málið til lögreglu og barnaverndar í þeim tilgangi að rannsaka málið og vernda iðkendur gegn frekara ofbeldi, en undirrituð hafa þó ekki undir höndum upplýsingar um að Samskiptaráðgjafi eða ÍSÍ hafi gert slíkt.

Lokaskjalið er merkt sem “trúnaðarmál”, inniheldur viðkvæmar upplýsingar, m.a. um börn, sem hægt er að rekja með nokkuð auðveldum hætti og ætti því skv. persónuverndalögum að vera búið að tilkynna lekann innan 72 klukkustunda eftir að hann átti sér stað. Skýrslan inniheldur alvarlegar athugasemdir er varða iðkendur Apenu og komist skýrslan í rangar hendur er mjög auðvelt að rýna hana og komast að því um hvaða börn er að ræða. Þetta er sérstaklega alvarlegt brot í ljósi þess að meintir þolendur í skýrslunni fengu ekki tækifæri til að tjá sig um hið meinta ofbeldi sem þau eiga að hafa orðið fyrir og nú þar sem skýrslunni hefur verið lekið í hendur almennings geta þau illa varið sig gegn þeim fullyrðingum sem fram koma.

Ljóst er að mikið tjón getur hlotist af lekanum. Ápena stendur frammi fyrir mikilvægum stjórnsýsluákvörðunum varðandi framtíðarhúsnæði fyrir iðkendur auk þess sem það hriktir í stoðum félagsins vegna umfjöllunar innan KKÍ/ÍSÍ.

Leiði rannsókn Persónuverndar í ljós að skýrslunni hafi raunverulega verið lekið er líklegt að nokkuð samfélagslegt tjón muni eiga sér stað. Svo gæti farið að íþróttafélög hiki frekar við að taka þátt í rannsóknum/úttektum á vegum Samskiptaráðgjafa og/eða ÍSÍ/KKÍ þar sem ekki er hægt að tryggja öryggi gagna. Persónuvernd hefur umfangsmiklar heimildir til sekta vegna alvarlegra brota sem þessa.

Þá situr eftir mögulegur skaði lekans gagnvart börnum en í skýrslunni koma fram upplýsingar um liðsaðild, og auðvelt er að draga ályktanir um hvaða börn ræðir. Sé skýrslan komin í hendur almennings er hætta á því að börnin verði stimpluð þolendur ofbeldis eða sem meðvirkir aðilar með gerendum ofbeldis (enda var ákveðið að nýta ekki framburð þeirra þar sem hann myndi ekki þykja hlutlaus).

Styrkleikar rannsóknar Samskiptaráðgjafa

Hlutverk útskýrt vel

Ljóst er af skrifum skýrslunnar að embætti Samskiptaráðgjafa er meðvitað um hlutverk sitt og þann lagalega ramma sem þau starfa innan, enda er hann tilgreindur sérstaklega og útskýrður vel fyrir lesanda. Embættið gerir góðan greinarmun á því hvert hlutverk þess er og er ekki. Sjá t.d. bls 2 í lokaskýrslu Samskiptaráðgjafa þar sem lög nr. 45/2019 eru rakin.

Formlegt ferli

Ferlið sem unnið var eftir er nokkuð ljóst í skýrslunni. Grunnferli virðist hafa verið fylgt þar sem upplýst er um úttekt, færi gefin á andmælum og athugasemdum og svo á endanum upplýst um ákvörðun. Deila má um hvort meðalhöfs hafi verið gætt í tímarömmum og heimilda til andmæla, en heilt yfir virðist viðmiðum opinberrar stjórnsýslu hafa verið fylgt, þó eru, eins og fram kemur hér að ofan, formgallar í vinnunni. 13. – 18.gr. stjórnsýslulaga er því aðeins uppfyllt að hluta.

Trúnaðarmál

Embætti Samskiptaráðgjafa gerir strax góða grein fyrir mikilvægi trúnaðar og setti skýrt fram mögulegar afleiðingar þess ef farið væri með gögn á rangan stað eða óskyldum aðilum veittur aðgangur að gögnunum. Embætti Samskiptaráðgjafa er því vel kunnugt um persónuverndarlög og er því vel í stakk búð til að bregðast við meintum leka skýrslunnar.

Teikna upp breiða mynd

Áhersla virðist lögð á að ná fram upplýsingum frá breiðum hópi aðila og notast er við mismunandi uppsprettur gagna. Talað er við stjórnarmeðlimi annara félaga og fyrri vinnuveitendur þótt svo að úrtakið virðist ekki vera lýsandi fyrir umhverfið og nokkuð einhliða.

Tilvísanir

Samskiptaráðgjafi vísar í það sem Brynjar Karl segir í viðtali til að styðja við þá frásögn sem er verið að lýsa hverju sinni, rétt eins og mikilvægt er að gera. Þó er gjarnan einungis vísað til hluta ummæla Brynjars, úr samhengi og þannig hlaðin öðruvísi merking en má greina þegar lesið er hvað Brynjar sagði í heild sinni.

Mat

Matsforsenda	Niðurstaða	Rökstuðningur
Öflun gagna og úrtak	Ófullnægjandi	Samtöl nánast einungis við gagnrýnendur og aðila sem ekki gætu talist hlutlausir. Núverandi leikmenn og foreldrar svo gott sem útilokuð frá þátttöku og fullyrt er um áreiðanleika þeirra, sem hóps, án þess að áreiðanleikakönnun liggi fyrir.
Greining gagna	Óljós	Engin lýsing á kóðun, þemagreiningu eða sannpröfun framburðar.
Vægi gagna	Vilholtt/Skakkt	Sögusagnir, myndabandsklippur og fyrirsagnir frá fréttamiðlum virðast vega þungt sem og blogg-greinar og hlaðvörp. Lítið eða ekkert um frumgögn.
Meðalhóf og andmælaréttur	Takmarkað	Fyrst um sinn einungis gefinn kostur á að yfirfara viðtal við sjálfan sig. Ágreiningur um andmælarétt þar til lögmaður Apenu stígur inn, 87 liða andsvar skoðað á innan við 72 klst. Óskýrt hvort vitnisburðargögn voru kynnt málsaðilum.
Hlutleysi og orðaval	Brestir	Álit gefur til kynna forskrifaðan tón, sem getur ollið rangtúlkun hjá lesanda þar sem gildishlaðin orð eru notuð. Slíkt samræmist ekki ráðgefandi hlutverki eða umboði úttektaaðila á kvörtunum.

Úttekt Samskiptaráðgjafa, að mati undirritaðra, stenst aðeins að hluta þær lágmarkskröfur sem fagleg vinnubrögð og stjórnsýslulög gera. Veigamikil frávik frá

rannsóknar- og meðalhófsreglu setja niðurstöðuna í hættu (hvort sem niðurstaðan er rétt eða röng) þar sem hún er óforsvaranlega rökstudd.

Samantekt

Embættið rammaði verkefnið skýrt inn í lög nr. 45/2019 og fylgdi formlegu ferli. Embættið náði til nokkurra utanaðkomandi viðmælenda og setti, réttilega, barnaverndarsjónarmið á oddinn.

Úrtak og gagnaöflun voru þó einhliða, greiningaraðferð óskýr og andmælaréttur veittur með of skömmum fresti, en einnig með óásættanlegum takmörkunum. Orðaval og ályktanir ganga lengra en sjálft embættið kveður á um í hlutverkalýsingu sinni, án fullnægjandi sannana.

Þessir veikleikar rýra trúverðugleika skýrslunnar, gera niðurstöður faglega vafasamar (og því mögulega lagalega líka) og geta skapað verulegt tjón fyrir Apenu, Brynjar Karl, KKÍ/ÍSÍ sem og þau börn og lögráða einstaklinga sem um er fjallað, einkum ef skýrslan er notuð til ákvarðana án frekari rannsóknar.